

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	7. júní 2016
Málalýkill	11.0
Mál nr.	1509373

Reykjavík 31. maí 2016

ENDURNÝJUÐ KOSTNAÐARÁÆTLUN ÁRSINS 2016 FYRIR ENDURVINNSLUSTÖÐVAR SORPU OG SVEITARFÉLAGANNA

Á stjórnarfundum SORPU bs. þann 20. apríl sl. var lögð fram endurskoðuð kostnaðaráætlun vegna reksturs endurvinnslustöðvanna árið 2016. Tilfni endurskoðunarinnar eru nokkuð breyttar forsendur:

1. Magn úrgangs frá áramótum hefur aukist um 22 - 23% miðað við sama tíma fyrir ári. Verktökum er greitt skv. kr/kg í samræmi við útboð og því fyrir séðar kostnaðarhækkanir vegna þessa haldi sama þróun áfram út árið – sömu leiðis leiðir aukið magn til hækkunar á heildarkostnaði vegna móttökugjalda.
2. Tekjur af efnissölu hafa hrapað síðustu mánuði sérstaklega af málmum. Það sem áður var áætlaðar tekjur í rekstraráætlun hafa verið útgjöld fyrir endurvinnslustöðvanna síðustu mánuði. Einnig var gert ráð fyrir nokkrum tekjum af umsýslu raf- og rafeindatækja en raunin orðið einungis 1/3 af áætluðum tekjum. Deilur eru um hvernig skal túlka lög hvað varðar greiðsluþáttöku framleiðenda og innflytjenda á kostnaði við raf- og rafeindatækjaúrgang.

Stærstu kostnaðarliðir í rekstri endurvinnslustöðvanna eru launakostnaður annars vegar og síðan gámaleiga, flutningur og móttökugjöld fyrir úrgang. Annar kostnaður er hverfandi.

Tekist hefur að auka innheimtu í hliði um 18% en gjaldskyldur úrgangur er lítið hlutfall þess úrgangs sem berst inn á endurvinnslustöðvanna.

Endurskoðuð tekju- og rekstraráætlun endurvinnslustöðvanna samanborið við áætlun frá hausti 2015 er sem hér segir:

Liður	Áætlun haust 2015	Ný áætlun
TEKJUR	Í þús kr.	Í þús kr.
Sértekjur	226.040	169.750
Greiðslur sveitafélaga	580.999	722.754
SAMTALS TEKJUR	807.039	892.504
GJÖLD		
Laun og tengd gjöld	250.035	250.035
Starfsmannakostnaður	8.975	8.975
Móttaka, flutningur, ráðstöfun úrgangs	462.712	548.177
Rekstur húsnæðis og lóða	37.598	37.598
Markaðs og sölukostnaður	2.975	2.975
Rekstur bifreiða og flutningatækja	3.054	3.054
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	41.690	41.690
SAMTALS GJÖLD	807.039	892.504

Eins og sjá má af ofangreindu er gert ráð fyrir, að öllu óbreyttu, að kostnaður sveitarfélaganna vegna magnaukningar og lækkandi tekna hækki um tæpar 142 milljónir umfram það sem áætlað var í samþykkttri rekstraráætlun eða hækki um 24%. Engin teikn eru á lofti um að magn sem berst endurvinnslustöðvunum minnki þegar liður á árið en einhver von er til að verð fyrir málma fari hækkand. Alger óvissa er um tekjur vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri